

Ráðgjöf og efnahagsspár ehf.

Alþingi
Erindi nr. P 28/1510
komudagur 5.3.2003

Reykjavík, 5. mars 2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
c/o nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur sent undirrituðum minnisblað viðskiptaráðuneytisins dags. 4/3 sem m.a. varðar ábendingar okkar dags. 28/2 sl. í tengslum við frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti. Í því sambandi viljum við koma á framfæri eftirfarandi.

Umsögn okkar dags. 20/11 sl. og athugasemdir dags. 28/2 sl. varða óframseljanlega framvirka gjaldeyrissamninga. Ágreiningur okkar og viðskiptaráðuneytisins snýst um það hvort þessháttar samningar falli undir skilgreiningu núgildandi laga á hugtakinu verðbréfi eða ekki. Verðbréf er skilgreint svo í 2. gr. 3. tl. laga nr. 13/1996:

- „a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignaréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.
- b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið.“ [undirstrikanir okkar]

Skv. þessari skilgreiningu er ljóst að óframseljanlegir framvirkir gjaldeyrissamningar eru ekki verðbréf þar sem það er hugtaksatriði í skilgreiningunni að það sé framseljanlegt. Auk þess eru óframseljanlegir framvirkir gjaldeyrissamningar ekki með neinum hætti skilyrtir heldur fela í sér óafturkræfa skyldu fyrir báða aðila. Slíkir samningar fela í sér að einn aðili selur gjaldeyri og annar kaupir. Gengið er ákveðið og afhendingartími beggja gjaldmiðla er á umsömdum tíma í framtíðinni. Eini munurinn á slíkum samningi og á staðgreiðslusamningi er afhendingartími gjaldmiðlanna.


Viðskiptaráðuneytið vísar til stafliðs b., 3. tl. 2. gr., þ.e. skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa. Þar sé um að ræða afleiðusamninga. Það er rétt að sumir afleiðusamningar geta fallið undir þessa skilgreiningu. Hins vegar vísar stafliður b. til verðbréfs. Gjaldreyrir er ekki verðbréf heldur peningar. Ekki er ágreiningur um að óframseljanlegir framvirkir gjaldeyrissamningar séu tegund afleiðusamninga.

Það skal tekið fram að við vitum ekki til þess að verðbréfahugtakið sé túlkað með þeim hætti sem viðskiptaráðuneytið gerir nú skv. löggjöf neins annars lands sem heyrir undir tilskipun ráðsins 93/22/EBE.

Það að hugtakið afleiðusamningur sé skilgreint í nógildandi lögum felur ekki sjálfkrafa í sér að allir afleiðusamningar falli undir skilgreiningu verðbréfs.

Af framangreindu leiðir að fullyrðing viðskiptaráðuneytisins sbr. minnisblað þess frá 12/2 sl. um að lagafrumvarpið feli ekki í sér breytingu á gildandi rétti um óframseljanlega framvirka gjaldeyris-samninga er röng. Lagafrumvarpið gengur einnig mun lengra en tilskipun ráðsins 93/22/EBE í þessum efnunum. Um úrbætur vísum við til umsagnar okkar dags. 20/11 2002.

Virðingarfyllst,
f.h. Ráðgjöf og efnahagsspár ehf.


Yngvi Harðarson, M.A.


Sverrir Sverrisson, Ph.D.